



Vígfús Þór Hróbjartsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Austurvegi 17  
870Vík, Mýrdal

Reykjavík 17. febrúar 2015  
UST201502-067


**Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028, verslun og þjónusta**


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mýrdalshrepps er barst 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028, verslun og þjónustu.

Breytingin felst í því að afmarka 8 ný verslunar og þjónustusvæði þar sem er gert ráð fyrir gisti- og ferðaþjónustu. Svæðin eru öll staðsett á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Fyrirhuguð ný verslunar- og þjónustusvæði eru á eftirfarandi jörðum: Ytri Sólheimar 1,2 ha, Hvoll 2,5 ha, Skeiðflöt 2,5 ha, Garðakot 0,5 ha, Reynir 0,7 ha, Giljur 0,3 ha, Norður Hvammur 1 ha og Götur 2 ha.

Í lýsingu koma ekki fram upplýsingar um áætlaðar framkvæmdir, en Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætluð gisti- og þjónusturými falli vel að umhverfinu og valdi ekki neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur